

Nr.	Matsþættir	VÆGI	10-8 stig	7-4 stig	3-0 stig
1	Lýsing verkefnis	10,0%	Lýsing á verkefninu er skýr og skilmerkileg, markmiðin ljós, rökstuðningur góður og afurð verkefnisins ljós.	Lýsing á verkefninu takmörkuð, markmið og rökstuðningur í lagi, líklegt að verkefnið skili ásattnalegri afurð.	Lýsing á verkefninu er ófullnægjandi, markmið óljós, rökstuðningur takmarkaður og afurð óljós.
2	Verk- og tímaáætlun	10,0%	Verk- og tímaáætlun, sundurliðuð og trúverðug, vörður skilgreindar.	Verk- og tímaáætlun ásættanleg.	Verk- og tímaáætlun ófullnægjandi.
3	Kostnaðaráætlun /Fjármögnun	10,0%	Kostnaðaráætlun og fjármögnun skýr og líkleg til að ganga eftir, vel sundurliðuð, trúverðug.	Kostnaðaráætlun og fjármögnun ásættanleg.	Kostnaðaráætlun og fjármögnun ófullnægjandi.
4	Afurð / Afrakstur / Mælikvarðar	5,0%	Afurð og/eða afrakstur skýr. Trúverðugir mælikvarðar og miklar líkur á að verkefnið nái þeim árangri sem stefnt er að.	Mælikvarðar eru ásættanlegir og líkur á að verkefnið nái fram að ganga og árangur náist.	Afurð og afrakstur verkefnisins óljós. Mælikvarðar ekki skilgreindir.
5	Tengsl við Sóknaráætlun	15,0%	Verkefnið fellur mjög vel að áherslum sjóðsins og/eða áherslum Sóknaráætlunar Austurlands.	Verkefnið fellur að áherslum sjóðsins og/eða áherslum Sóknaráætlunar Austurlands.	Ekki ljóst hvernig verkefnið tengist áherslum sjóðsins eða markmiðum Sóknaráætlunar Austurlands.
6	Samfélagsleg áhrif / virði	5,0%	Miklar líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum á einn eða fleiri þætti: atvinnu, menningu, mannlíf og samfélag.	Nokkrar líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum og virði fyrir samfélagið.	Verkefnið hefur lítil samfélagsleg áhrif og virði þess fyrir samfélagið óljóst.
7	Hæfni/samstarf	5,0%	Þekkingu og reynslu umsækjanda er lýst með skýrum hætti. Hlutverk umsækjenda/samstarfsaðila eru vel skilgreind. Verkefnið stuðlar að mikilvægum tengslum sem geta leitt til ávinnings fyrir alla aðila.	Þekkingu og reynslu umsækjanda er ekki lýst með fullnægjandi hætti. Hlutverk umsækjenda/samstarfsaðila er að einhverju leyti skilgreint og kann að hafa ávinning í för með sér.	Þekkingu og reynslu umsækjanda er ekki lýst á þann hátt í umsókn. Hlutverk umsækjenda/samstarfsaðila er lítt skilgreint og lítill eða enginn ávinningur.
8A	Nýnæmi	10,0%	Verulegt nýnæmi felst í verkefninu. Þróun á áður óþekktum aðferðum, vöru eða þjónustu á landsvísi eða í landshlutanum.	Nokkurt nýnæmi felst í verkefninu, einkum ef horft er til svæðisins eða nærumhverfis.	Lítið nýnæmi flest í verkefninu.
9A	Atvinnu- og nýsköpunargildi	30,0%	Verkefnið stuðlar að atvinnusköpun til lengri tíma með töluverðum afleiddum áhrifum. Líkur eru á að því fylgi aukin fagmennska og/eða fjölbreytni í störfum.	Líkur eru á að verkefnið stuðli að atvinnusköpun allavega tímabundið. Nokkrar líkur eru á afleiddum áhrifum og því kann að fylgja aukin fjölbreytni í störfum.	Lítill eða óljós atvinnusköpun fylgir verkefninu og takmarkaðar líkur á afleiddum áhrifum.